

**Ed.**

### **375. Nefndarálit**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 2 9. jan. 1935, um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, og jafnvel þótt skoðanir einstakra nefndarmanna á frumvarpinu og lögnum séu nokkuð skiptar, er samkomulag um, að frumvarpið verði samþykkt með þessum

#### **BREYTINGUM:**

1. Við 1. gr. Greinin falli burt.
2. Við 2. gr. Greinin falli burt.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Enginn má slátra sauðfé til sölu né kaupa fé til slátrunar eða verzla með kjöt af því í heildsölu án leyfis kjötverðlagsnefndar. Heimilt skal þó sauðfjáreigendum, er reykja kjöt á heimilum sínum, að selja beint til neytenda, enda greiði þeir af því verðjöfnunargjald um leið og afhending fer fram. Leyfi til slátrunar skal veitt fyrir eitt ár í senn. Leyfi skal veita lögskráðum samvinnufélögum, sem nú eru starfandi, svo og þeim samvinnufélögum, sem stofnuð kunna að verða á viðskiptasvæðum félaga, sem hætta störfum án þess að bændur á viðskiptasvæðinu gerist meðlimir annarra félaga. Heimilt er að veita slátrunarleyfi félögum neytenda á þeim stöðum, þar sem ekki eru sláturhús, en aðeins fyrir það fé, sem þau kynnu að kaupa til neyzlu meðal meðlima sinna. Enn fremur getur nefndin veitt leyfi samvinnufélögum bænda, er stofnuð kunna að verða eftir að lög þessi öðlast gildi á svæði, þar sem ekki eru samvinnufélög fyrir, og ekki falla undir ákvæði 3. másl. þessarar greinar, sömuleiðis þeim verzlunum öðrum, sem uppfylla skilyrði þau, sem sett eru um sláturhús og verzlun kjöts samkvæmt ákvæðum laga um kjötmat o. fl. frá 19. júní 1933. Einnig er heimilt að veita slátruleyfi þeim einstaklingum, er vegna sérstakra staðhátta eiga svo örðugt um rekstur eða flutning fjárens til sláturhúss, að illfært sé að dómi nefndarinnar.

Í leyfi getur nefndin ákveðið fjártölu þá að hámarki, sem leyfishafi má slátra til sölu innanlands.

4. Við 4. gr. Greinin falli burt.
5. Við 5. gr. Greinin falli burt.
6. Við 6. gr. Greinin falli burt.
7. Við 7. gr. Greinin falli burt.

Alþingi, 8. febr. 1943.

Páll Hermannsson,  
form.

Eiríkur Einarsson,  
fundaskr.

Kristinn E. Andrésen,  
frsm.

H. Guðmundsson.

Þorst. Þorsteinsson.